

Mennt- og menningarmálaráðuneyti/upplýsinga- og fjármálasvið
06-12-2013.

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samstarf við Færeyjar og
Grænland um samantekt um orsakir fækkunar kvenna á Vestur-Norðurlöndum
43. löggjafarþing 2013-2014. Þingskjal 39 – 39. mál.**

Þann 3. des. sl. sendi mennta- og menningarmálaráðuneytið kostnaðarmat sitt vegna þingsályktunartillögu um samstarf við Færeyjar og Grænland um samantekt um orsakir fækkunar kvenna á Vestur-Norðurlöndum, 39. mál. Mat ráðuneytisins gerði ráð fyrir að vinnan tæki sérfræðingahóp um hálf ár að vinna og að kostnaður gæti numið um 5 m.kr.

Ráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi bréf frá formanni Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins dags. 5. des. þar segir m.a.

Drátt fyrir að þingsályktunartillagan hafi stungið upp á hópi sérfræðinga þá kemur skýrt fram að engan veginn var átt við að þeir hefðu með höndum gerð nýrrar rannsóknar. Einungis að hafa umsjón með að gerð verði samantekt á fyrirliggjandi rannsóknnum og niðurstöðum þeirra. Það var mat 18 þingmanna sem skipa Vestnorræna ráðið (6 frá hverju landi) að það væri einmitt um frekar útgjaldalitla tillögu að ræða þar sem hugmyndin væri einungis að safna saman og gera yfirlit um gögn sem þegar liggja fyrir.

Það mætti svoleiðis til dæmis hugsa sér að um samvinnuverkefni milli rikisháskólanna í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi yrði að ræða, sem miðaði að því að einn kennari í hverju landi, t.d. í bókasafnsfræði eða félagsfræði, hefði umsjón með söfnun upplýsinganna fyrir sitt land. Nemandi/nemendur gætu hugsanlega sem hluta að námi sínu, undir umsjón þessara kennara, tekið saman yfirlit yfir rannsóknir og kannanir sem gerðar hafa verið á umræddu sviði og gera samantekt um helstu niðurstöður og tillögur. Jafnframt væri hægt að sjá fyrir sér, að samvinnuverkefnið gæti verið framkvæmt í samvinnu við viðeigandi sérfræðinga í mennta- og menningarmálaráðuneytum allra landanna. Það var mat ráðsins að slík framkvæmd myndi hafa afar takmörkaðan kostnað í för með sér ef nokkurn en myndi um leið gera framkvæmdina raunhæfari.

Ef niðurstaðan verður sú að samið verður við háskóla og að nemendur taki að sér verkefnið í umsjón kennara þá má gera ráð fyrir að kostnaður verði óverulegur.

Verði niðurstaðan hinsvegar sú að fela sérfræðingum verkið má gera ráð fyrir að slíka samantekt taki um hálf t.ár að vinna. Að því gefnu að laun sérfræðings ásamt öðrum rekstrarkostnaði sé um 10 m.kr. á ársgrundvelli, má gera ráð fyrir að kostnaður sem fellur til vegna verkefnisins verði um 5 m.kr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið bendir því á að kostnaður við þingsályktunartillögu um samstarf við Færeyjar og Grænland um samantekt um orsakir fækkunar kvenna á Vestur-Norðurlöndum, 39. mál gæti verið frá því að vera óverulegt í allt að 5 m.kr. eftir því hvernig vinna við verkefnið verður útfærð.

Reykjavík 5. desember 2013

Til: Mennta- og menningarmálaráðuneytis Íslands
Frá: Formanni Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins (VNR)
Efni: Athugasemd vegna kostnaðaráætlunar mennta- og menningarmálaráðuneytis – tilvísun í mál MMR13110197

Í umsögn sinni til Utanríkismálanefndar um þingsályktunartillögu Vestnorræna ráðsins um samstarf við Færeyja og Grænland um samantekt á orsökum fækkunar kvenna á Vestur-Norðurlöndum metur upplýsinga- og fjárhagssvið mennta- og menningarmálaráðuneytisins að það muni taka hóp sérfræðinga hálf t. ár að vinna yfirlitið og að heildarkostnaður við gerð samantektarinnar verði um 5 milljónir ISK fyrir Ísland en sá kostnaður tekur til launa og annars rekstrarkostnað eins sérfræðings í fullu starfi.

Í ljósi meginmarkmiðs þingsályktunartillögunnar, sem er „ekki ný rannsókn heldur samantekt um rannsóknir og kannanir sem gerðar hafa verið“ þá þykir kostnaðurinn ofmetinn og óska ég eftir því að ráðuneytið líti til þeirra upplýsinga sem fram koma í þessu bréfi og endurskoði áætlun sína í kjölfarið ef þurfa þykir. Tvö meginmarkmið eru í þingsályktunartillögunni:

1. Gerð yfirlits yfir rannsóknir og kannanir sem þegar hafa verið gerðar um umrætt efni og liggja fyrir.
2. Samantekt niðurstaðna og tillagna sem hafa verið settar fram í þeim rannsóknum og könnunum sem til staðar eru nú þegar.

Tilgangurinn með gerð yfirlitsins og samantektinni er að gera niðurstöður og tillögur rannsókna og kannana, sem eru til og þegar er búið að fjárfesta í, aðgengilegri þeim sem hafa opinbera stefnumótun með höndum.

Þrátt fyrir að þingsályktunartillagan hafi stungið upp á hópi sérfræðinga þá kemur skýrt fram að engan veginn var átt við að þeir hefðu með höndum gerð nýrrar rannsóknar. Einungis að hafa umsjón með að gerð verði samantekt á fyrirliggjandi rannsóknum og niðurstöðum þeirra. Það var mat 18 þingmanna sem skipa Vestnorræna ráðið (6 frá hverju landi) að það væri einmitt um frekar útgjaldalitla tillögu að ræða þar sem hugmyndin væri einungis að safna saman og gera yfirlit um gögn sem þegar liggja fyrir.

Það mætti svoleiðis til dæmis hugsa sér að um samvinnuverkefni milli ríkisháskólanna í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi yrði að ræða, sem miðaði að því að einn kennari í hverju landi, t.d. í bókasafnsfræði eða félagsfræði, hefði umsjón með söfnun upplýsinganna fyrir sitt land. Nemandi/nemendur gætu hugsanlega sem hluta að námi sínu, undir umsjón þessara kennara, tekið saman yfirlit yfir rannsóknir og kannanir sem gerðar hafa verið á umræddu sviði og gera samantekt um helstu niðurstöður og tillögur. Jafnframt væri hægt að sjá fyrir sér, að samvinnuverkefnið gæti verið framkvæmt í samvinnu við viðeigandi sérfræðinga í mennta- og menningarmálaráðuneytum allra landanna. Það var mat ráðsins að slík framkvæmd myndi hafa afar takmörkaðan kostnað í för með sér ef nokkurn en myndi um leið gera framkvæmdina raunhæfari.

Ég vona að bréf þetta varpi örlítið skýrara ljósi á markmið tillögunnar og að mennta- og menningarmálaráðuneytið sjái tilefni til að endurskoða upphaflegt mat sitt og senda utanríkismálanefnd Alþingis endurskoðað kostnaðarmat.

Virðingarfyllst,

Unnur Brá Konráðsdóttir,
formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og formaður ráðsins.